



Skipstjóri með verkstjórn á höfnum

STARFSLÝSING

Yfirmaður Sviðstjóri framkvæmdasviðs
Stofnun / deild Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð

1. Meginviðfangsefni og ábyrgðarsvið

Verkstjórn á verkefnum þjónustu- og framkvæmdasviðs á Fjarðabyggðarhöfnum. Skipstjórn á dráttarbát Fjarðabyggðarhafna og ábyrgð á að dráttarbáturinn sé ávallt tilbúinn til notkunar þegar þörf krefur. Afleysing í hafnsögu. Þjónusta við viðskiptavini þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar. Sinnir ýmsum störfum og verkefnum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar. Þjónusta við aðrar stofnanir bæjarins skv. fyrirmælum yfirmanns.

2. Helstu verkefni

- Verkstjórn á verkefnum Fjarðabyggðarhafna.
- Skipstjórn og ábyrgð á dráttarbáti
- Þjónusta við viðskiptavini hafnar s.s. binda og losa skip við komur og brottfarir, afgreiðsla vatns, og rafmagns, sorphirða frá skipum, vigtun o.fl.
- Viðhald, hreinsun og snyrting hafnarbakka og annarra hafnarmannvirkja.
- Snjó- og hálkueyðing af hafnarbökkum, bryggjuköntum, pollum og bílvog.
- Þrif í starfsstöð og ábyrgð á að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið.
- Eftirlit og umsjón með skipakomum, vöruflutningum og öðru því sem um höfnina fer, skráning þeirra og afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.
- Stjórn á umferð skipa um höfnina og ákvörðun um legustað þeirra, færsla innan hafnar.
- Aðgangsstýring að hafnarsvæðinu og útgáfa aðgangskorta í samráði við yfirmann.
- Tilkynning til yfirmanns um bilanir og slit til undirbúnings viðhaldi.
- Viðhald öryggisbúnaðar hafnarinnar.
- Vinnur almenn störf eftir þörfum og ákvörðun yfirmanns
- Viðhaldsverkefni Þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.

2.1 Stjórnsýsla

- Eftirlit með að lögum og reglugerðum er varðar rekstur málaflokka sviðs.

2.2 Fjármál

- Staðfesting útgjalda á kostnaðarstöðum sem hann ber ábyrgð á og eftirlit með framvindu fjárhagsáætlunar.
- Reikningsfærsla fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustu hafnarinnar og annað sem tilheyrir reikningagerð.

2.3 Starfsmenn

- Sér um ráðning sinna undirmanna í samráði við yfirmann.
- Forgangsröðun og samræming verkefna og úthlutun þeirra til undirmanna.
- Hefur umsjón með og staðfestir tímaskráningu undirmanna.
- Skipuleggur orlof og afleysingu sinna starfsmanna í samráði við yfirmann.



2.4 Teymisvinna

- Skipstjórar með verkstjórn á höfnum, Bæjarverkstjóri og Garðyrkjustjóri hafa náið samstarf sín á milli við skipulagningu starfseminnar og vinna sem teymi þvert á sveitarfélagið. Skipuleggja reglubundið verkefni út frá manafla og tækjabúnaði.
- Þátttaka í starfi og teymisvinnu þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar og sviðsins.
- Skiptstjórar og Bæjarverkstjóri skulu hafa náið samráð sín á milli um nýtingu manna og tækja.

2.5 Samskipti

- Við aðra starfsmenn þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.
- Við viðskiptavini þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.
- Við íbúa Fjarðabyggðar, en leitast skal eftir að sem best tengsl verði verið bæjarbúa.
- Við verktaka í Fjarðabyggð.
- Við byrgja sem þjónusta Fjarðabyggð.

2.6 Önnur verkefni

- Tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Skipstjórnarréttindi.
- Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd.
- Vigtarréttindi.
- Bílpróf.

3.2 Hæfnisþættir

- Góð íslensku kunnátta.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Færni í að eiga gott samstarf við stjórnendur og samstarfsmenn.

Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum, auk sakavottorðs skal fylgja umsókn.

Fjarðabyggð 1. janúar 2022

Skipstjóri

Yfirmaður